

Vífill Karlsson

Hagvísir Vesturlands

Fjármál sveitarfélaga: Atvinnuleysi og tekjur sveitarfélaga

Skýrsla nr. 2 2020

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi



EFNISYFIRLIT

Myndir	1
Töflur.....	3
1 Samandregnar niðurstöður.....	4
2 Inngangur	5
3 Aðferðir.....	6
3.1 Viðmiðunarsveitarfélögin	7
3.2 Um tekjur sveitarfélga	8
4 Atvinnuleysi og tekjur sveitarfélaga.....	15
4.1 Akranes	15
4.2 Skorradalshreppur	18
4.3 Hvalfjarðarsveit.....	20
4.4 Borgarbyggð.....	23
4.5 Grundarfjarðarbær.....	26
4.6 Helgafellssveit	29
4.7 Stykkishólmsbær	31
4.8 Eyja- og Miklaholtshreppur	34
4.9 Snæfellsbær.....	36
4.10 Dalabyggð.....	39
4.11 Viðbótaráhrif hjá sveitarfélögum á Vesturlandi borin saman.....	42
5 Viðauki	45
5.1 Viðmiðunarsveitarfélög Akraness	45
5.2 Viðmiðunarsveitarfélög Hvalfjarðarsveitar	46
5.3 Viðmiðunarsveitarfélög Borgarbyggðar	48
5.4 Viðmiðunarsveitarfélög Grundarfjarðarbæjar	50
5.5 Viðmiðunarsveitarfélög Helgafellssveitar	52
5.6 Viðmiðunarsveitarfélög Stykkishólms.....	54
5.7 Viðmiðunarsveitarfélög Eyja- og Miklaholtshrepps.....	55
5.8 Viðmiðunarsveitarfélög Snæfellsbæjar	57
5.9 Viðmiðunarsveitarfélög Dalabyggðar	59
5.10 Önnur sveitarfélög (í stafrófsröð).....	60
5.11 Vægi tekjustofna sveitarfélaga og þjónustutekna í heildartekjum.....	80
5.12 Atvinnutekjur allra framteljendum eftir sveitarfélögum 2010 og 2019.....	82
5.13 Fjöldi sumarhúsa eftir sveitarfélögum 2010 og 2019	84
5.14 Íbúar í þéttbýli 2010 og 2019	86
6 Heimildaskrá	88

MYNDIR

Mynd 1: Tekjur sveitarfélaga á Íslandi 2019 og skipting eftir uppruna	8
Mynd 2: Álagningarprósenta útsvara og fjöldi sveitarfélaga árið 2020 vegna tekna 2019	9
Mynd 3: Álagningarprósenta fasteignarskatts A og fjöldi sveitarfélaga árið 2020 vegna tekna 2019	10
Mynd 4: Álagningarprósenta fasteignarskatts C og fjöldi sveitarfélaga árið 2020 vegna tekna 2019	11
Mynd 5: Jöfnunarsjóðsframlög sveitarfélaga á hvern íbúa	14
Mynd 6: Punktarit tekna og atvinnuleysis Akraness 2002-2018.	15
Mynd 7: Punktarit íbúafjölda og atvinnuleysis Akraness 2002-2018.	16
Mynd 8: Punktarit útsvarsstofns á íbúa og atvinnuleysis Akraness 2002-2018.	16
Mynd 9: Punktarit tekna og atvinnuleysis Skorradalshrepps 2002-2018.	18
Mynd 10: Punktarit íbúafjölda og atvinnuleysis Skorradalshrepps 2002-2018.	18
Mynd 11: Punktarit útsvarsstofns á íbúa og atvinnuleysis Skorradalshrepps 2002-2018.	19
Mynd 12: Punktarit tekna og atvinnuleysis Hvalfjarðarsveitar 2002-2018.	20
Mynd 13: Punktarit íbúafjölda og atvinnuleysis Hvalfjarðarsveitar 2002-2018.	21
Mynd 14: Punktarit útsvarsstofns á íbúa og atvinnuleysis Hvalfjarðarsveitar 2002-2018.	21
Mynd 15: Punktarit tekna og atvinnuleysis í Borgarbyggð 2002-2018.	23
Mynd 16: Punktarit íbúafjölda og atvinnuleysis Borgarbyggðar 2002-2018.	24
Mynd 17: Punktarit útsvarsstofns á íbúa og atvinnuleysis Borgarbyggðar 2002-2018.	24
Mynd 18: Punktarit tekna og atvinnuleysis Grundarfjarðarbæjar 2002-2018.	26
Mynd 19: Punktarit íbúafjölda og atvinnuleysis Grundarfjarðarbæjar 2002-2018.	27
Mynd 20: Punktarit útsvarsstofns á íbúa og atvinnuleysis Grundarfjarðarbæjar 2002-2018.	27
Mynd 21: Punktarit tekna og atvinnuleysis Helgafellssveitar 2002-2018.	29
Mynd 22: Punktarit íbúafjölda og atvinnuleysis Helgafellssveitar 2002-2018.	30
Mynd 23: Punktarit útsvarsstofns á íbúa og atvinnuleysis Helgafellssveitar 2002-2018.	30
Mynd 24: Punktarit tekna og atvinnuleysis Stykkishólmsbæjar 2002-2018.	31
Mynd 25: Punktarit íbúafjölda og atvinnuleysis Stykkishólmsbæjar 2002-2018.	32
Mynd 26: Punktarit útsvarsstofns á íbúa og atvinnuleysis Stykkishólmsbæjar 2002-2018.	32
Mynd 27: Punktarit tekna og atvinnuleysis Eyja- og Miklaholtshrepps 2002-2018.	34
Mynd 28: Punktarit íbúafjölda og atvinnuleysis Eyja- og Miklaholtshrepps 2002-2018.	34
Mynd 29: Punktarit útsvarsstofns á íbúa og atvinnuleysis Eyja- og Miklaholtshrepps 2002-2018.	35
Mynd 30: Punktarit tekna og atvinnuleysis Snæfellsbæjar 2002-2018.	36
Mynd 31: Punktarit íbúafjölda og atvinnuleysis Snæfellsbæjar 2002-2018.	37
Mynd 32: Punktarit útsvarsstofns á íbúa og atvinnuleysis Snæfellsbæjar 2002-2018.	37
Mynd 33: Punktarit tekna og atvinnuleysis Dalabyggðar 2002-2018.	39
Mynd 34: Punktarit íbúafjölda og atvinnuleysis Dalabyggðar 2002-2018.	40
Mynd 35: Punktarit útsvarsstofns á íbúa og atvinnuleysis Dalabyggðar 2002-2018.	40
Mynd 36: Hluttur jöfnunarsjóðs í heildartekjum sveitarfélaga á Vesturlandi 2002-2018.	43
Mynd 37: Punktarit tekna og atvinnuleysis Mosfellsbæjar 2002-2018.	45
Mynd 38: Punktarit tekna og atvinnuleysis Seltjarnarnesbæjar 2002-2018.	45
Mynd 39: Punktarit tekna og atvinnuleysis Bláskógabyggðar 2002-2018.	46
Mynd 40: Punktarit tekna og atvinnuleysis Hrunamannahrepps 2002-2018.	46
Mynd 41: Punktarit tekna og atvinnuleysis Sveitarfélagsins Skagastrandar 2002-2018.	47
Mynd 42: Punktarit tekna og atvinnuleysis Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2002-2018.	47
Mynd 43: Punktarit tekna og atvinnuleysis Fljótsdalshérað 2002-2018.	48
Mynd 44: Punktarit tekna og atvinnuleysis Norðurþings 2002-2018.	48
Mynd 45: Punktarit tekna og atvinnuleysis Rangárþings eystra 2002-2018.	49
Mynd 46: Punktarit tekna og atvinnuleysis Blönduósbæ 2002-2018.	50
Mynd 47: Punktarit tekna og atvinnuleysis Bolungarvíkurkaupstaðar 2002-2018.	50
Mynd 48: Punktarit tekna og atvinnuleysis Seyðisfjarðarkaupstaðar 2002-2018.	51
Mynd 49: Punktarit tekna og atvinnuleysis Árneshrepps 2002-2018.	52
Mynd 50: Punktarit tekna og atvinnuleysis Svalbarðshrepps 2002-2018.	52
Mynd 51: Punktarit tekna og atvinnuleysis Tjörneshrepps 2002-2018.	53
Mynd 52: Punktarit tekna og atvinnuleysis Húnaþings vestra 2002-2018.	54
Mynd 53: Punktarit tekna og atvinnuleysis Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2002-2018.	54
Mynd 54: Punktarit tekna og atvinnuleysis Vesturbyggðar 2002-2018.	55
Mynd 55: Punktarit tekna og atvinnuleysis Akrahrepps 2002-2018.	55
Mynd 56: Punktarit tekna og atvinnuleysis Reykhólahrepps 2002-2018.	56
Mynd 57: Punktarit tekna og atvinnuleysis Ásahrepps 2002-2018.	56
Mynd 58: Punktarit tekna og atvinnuleysis Dalvíkurbyggðar 2002-2018.	57

Mynd 59: Punktarit tekna og atvinnuleysis Fjallabyggðar 2002-2018.	57
Mynd 60: Punktarit tekna og atvinnuleysis Sandgerðisbæjar 2002-2015.	58
Mynd 61: Punktarit tekna og atvinnuleysis Sveitarfélagsins Ölfuss 2002-2018.	58
Mynd 62: Punktarit tekna og atvinnuleysis Mýrdalshrepps 2002-2018.	59
Mynd 63: Punktarit tekna og atvinnuleysis Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2002-2018.	59
Mynd 64: Punktarit tekna og atvinnuleysis Akureyrar 2002-2018.	60
Mynd 65: Punktarit tekna og atvinnuleysis Árborgar 2002-2018.	60
Mynd 66: Punktarit tekna og atvinnuleysis Borgarfjarðarhrepps 2002-2018.	61
Mynd 67: Punktarit tekna og atvinnuleysis Breiðdalshrepps 2002-2015.	61
Mynd 68: Punktarit tekna og atvinnuleysis Djúpavogshrepps 2002-2018.	62
Mynd 69: Punktarit tekna og atvinnuleysis Eyjafjarðarsveitar 2002-2018.	62
Mynd 70: Punktarit tekna og atvinnuleysis Fjarðabyggðar 2002-2018.	63
Mynd 71: Punktarit tekna og atvinnuleysis Flóahrepps 2002-2018.	63
Mynd 72: Punktarit tekna og atvinnuleysis Fljótsdalshéraðs 2002-2018.	64
Mynd 73: Punktarit tekna og atvinnuleysis Fljótsdalshrepps 2002-2018.	64
Mynd 74: Punktarit tekna og atvinnuleysis Garðabæjar 2002-2018.	65
Mynd 75: Punktarit tekna og atvinnuleysis Grindavíkurbæjar 2002-2018.	65
Mynd 76: Punktarit tekna og atvinnuleysis Grímsness- og Grafningshrepps 2002-2018.	66
Mynd 77: Punktarit tekna og atvinnuleysis Grýtubakkahrepps 2002-2018.	66
Mynd 78: Punktarit tekna og atvinnuleysis Hafnarfjarðarbæjar 2002-2018.	67
Mynd 79: Punktarit tekna og atvinnuleysis Húnavatnshrepps 2002-2018.	67
Mynd 80: Punktarit tekna og atvinnuleysis Hveragerðisbæjar 2002-2018.	68
Mynd 81: Punktarit tekna og atvinnuleysis Hörgársveitar 2002-2018.	68
Mynd 82: Punktarit tekna og atvinnuleysis Ísafjarðarbæjar 2002-2018.	69
Mynd 83: Punktarit tekna og atvinnuleysis Kaldrananeshrepps 2002-2018.	69
Mynd 84: Punktarit tekna og atvinnuleysis Kjósarhrepps 2002-2018.	70
Mynd 85: Punktarit tekna og atvinnuleysis Kópavogs 2002-2018.	70
Mynd 86: Punktarit tekna og atvinnuleysis Langesbyggðar 2002-2018.	71
Mynd 87: Punktarit tekna og atvinnuleysis Rangárpings ytra 2002-2018.	71
Mynd 88: Punktarit tekna og atvinnuleysis Reykjanesbæjar 2002-2018.	72
Mynd 89: Punktarit tekna og atvinnuleysis Reykjavíkur 2002-2018.	72
Mynd 90: Punktarit tekna og atvinnuleysis Skaftárhrepps 2002-2018.	73
Mynd 91: Punktarit tekna og atvinnuleysis Skagabyggðar 2002-2018.	73
Mynd 92: Punktarit tekna og atvinnuleysis Skútustaðahrepps 2002-2018.	74
Mynd 93: Punktarit tekna og atvinnuleysis Strandabyggðar 2002-2018.	74
Mynd 94: Punktarit tekna og atvinnuleysis Súðavíkurhrepps 2002-2018.	75
Mynd 95: Punktarit tekna og atvinnuleysis Svalbarðsstrandarhrepps 2002-2018.	75
Mynd 96: Punktarit tekna og atvinnuleysis Sveitarfélagsins Garðs 2002-2018.	76
Mynd 97: Punktarit tekna og atvinnuleysis Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2002-2018.	76
Mynd 98: Punktarit tekna og atvinnuleysis Tálknafjarðarhrepps 2002-2018.	77
Mynd 99: Punktarit tekna og atvinnuleysis Vestmannaeyjabæjar 2002-2018.	77
Mynd 100: Punktarit tekna og atvinnuleysis Sveitarfélagsins Vogar 2002-2018.	78
Mynd 101: Punktarit tekna og atvinnuleysis Vopnafjarðarhrepps 2002-2018.	78
Mynd 102: Punktarit tekna og atvinnuleysis Þingeyjarsveitar 2002-2018.	79

TÖFLUR

Tafla 1: Viðmiðunarsveitarfélög.....	7
Tafla 2: Ný viðmiðunarsveitarfélög.....	7
Tafla 3: Vægi útsvars í heildartekjum eftir sveitarfélögum árið 2019.....	9
Tafla 4: Vægi fasteignaskatta í heildartekjum eftir sveitarfélögum árið 2019.....	10
Tafla 5: Álagning A-flokks fasteignaskatts í sumarhúsaríkustu sveitarfélögum 2020.....	11
Tafla 6: Vægi þjónustutekna í heildartekjum eftir sveitarfélögum árið 2019.....	12
Tafla 7: Vægi jöfnunarsjóðsframlaga í heildartekjum eftir sveitarfélögum árið 2019.....	13
Tafla 8: Samandregnar niðurstöður viðbótaráhrifum og fylgni atvinnuleysis á.....	42
Tafla 9: Aðhvarfsgreining áhrifa atvinnuleysis á íbúabróun og útsvarstekjur sveitarfélaga.....	44
Tafla 10: Vægi útsvars, fasteignaskatta, jöfnunarsjóðs og þjónustutekna eftir sveitarfélögum 2019.....	80
Tafla 11: Atvinnutekjur allra framteljenda að jafnaði eftir sveitarfélögum 2010 og 2019.....	82
Tafla 12: Fjöldi sumarhúsa eftir sveitarfélögum 2010 og 2019.....	84
Tafla 13: Hlutfall íbúa í þéttbýli eftir sveitarfélögum 2010 og 2019.....	86

1 SAMANDREGNAR NIÐURSTÖÐUR

Hér verða niðurstöður dregnar saman í mjög stuttu máli.

- Greiningin sem fór fram í þessum Hagvísi gefur til kynna að viðbótaráhrif atvinnuleysis á heildartekjur sveitarfélaga á Vesturlandi hafi verið sem hér segir:
 - Á Akranesi -1,2% til skemmri tíma litið en -2,5% til lengri tíma litið.
 - Í Skorradalshreppi er engin niðurstaða.
 - Í Hvalfjarðarsveit -1,4% til skemmri tíma litið en -2,7% til lengri tíma litið.
 - Í Borgarbyggð -1,0% til skemmri tíma litið en -4,0% til lengri tíma litið.
 - Í Grundarfjarðarbæ -3,6% til skemmri tíma litið en -7,1% til lengri tíma litið.
 - Í Helgafellssveit -1,3% til skemmri tíma litið en engin niðurstaða fékkst þegar til lengri tíma var litið.
 - Í Stykkishólmsbæ -4,1% til skemmri tíma litið en -8,8% til lengri tíma litið.
 - Í Eyja- og Miklaholtshreppi -2,0% til skemmri tíma litið en engin niðurstaða fékkst þegar til lengri tíma var litið.
 - Í Snæfellsbæ -4,4% til skemmri tíma litið en engin niðurstaða fékkst þegar til lengri tíma var litið.
 - Í Dalabyggð -3,0% til skemmri tíma litið en -10,7% til lengri tíma litið.
- Ekki verður endilega sagt að þessar niðurstöður séu heppilegar til að áætla áhrif yfirvofandi eða yfirstandandi efnahagssamdráttar/kreppu á viðkomandi sveitarfélög af nokkrum ástæðum:
 - Gögnin yfir hvert sveitarfélag hefðu mátt vera umfangsmeiri.
 - Engar tvær kreppur eru eins. Sem dæmi þá munu þau sveitarfélög sem gátu rifið sig upp á ferðaþjónustunni síðast líða fyrir það núna. Þá er nokkuð víst að gengi krónunnar falli ekki eins mikið og það gerði á árunum eftir 2007 en það hjálpaði sveitarfélögum sem byggðu á sjávarútvegi, ferðaþjónustu og jafnvel stóriðju. Það þrýsti hins vegar útlendingum fljótt úr landi sem töldu tekjur sínar í heima-myntinni.
 - Fjöldi nýbúa/útlendinga í hverju sveitarfélagi, en hluti þeirra og jafnvel stór hluti eru mun hreyfanlegri en Íslendingar.
 - Eðli búferlaflutninga hefur breyst að undanfögnu þannig að sveitarfélögin næst höfuðborgarsvæðinu halda jafnvel enn betur í sína íbúa.
 - Viðbótaráhrifin hafa virst vera breytileg. Þannig er lækkun tekna hlutfallslega meiri á milli 1% og 2% atvinnuleysis en t.d. 4% og 5% atvinnuleysis.
- Af þessum sökum er skynsamlegt að fara varlega í notkun þessara niðurstaðna og nota tölu sem er um 1/2 eða jafnvel 1/3 af þeirri sem fékkst í matinu að ofan og sjá síðan hverju reynslan skilar þegar nýjar tölur fara að skila sér í hús.
- Skammtíamastuðullinn á við ef samdráttarskeiðið er innan við 2 ár, annars á langtíamastuðullinn frekar við. Ástæðan er sú að fólk fer ekkert að taka sig upp þó það harðni á dalnum í 6-18 mánuði og útlit er fyrir að kreppan verði skammvinn.

2 INNGANGUR

Nú er að margra mati útlit fyrir eina verstu kreppu sem Ísland hefur upplifað í rúm 90 ár – eða síðan Kreppan mikla reið yfir heimsbyggðina og hitti Ísland fyrir vegna hruns á mörkuðum erlendis, aðallega fyrir sjávarafurðir.

Þó margir telji að þetta tímabil verði stutt, munu áhrif þess á ferðaþjónustuna vara lengur og er verið að tala um að ferðaþjónustan verði 1 – 2 ár að ná sér á strik eftir að takmörkunum á ferða og samkomufrelsi verður aflétt. Þarna ráða miklu um hversu langvarandi samdráttarskeið eða kreppa verður í helstu viðskiptalöndum okkar (m.t.t. ferðaþjónustu) og hversu mikið krónan gefur eftir gagnvart þeim gjaldmiðlum. Ómögulegt er nú að spá en sumt bendir til að þetta gæti orðið dýpri kreppa á heimsvísu en á árunum eftir 2008.

Þó forsendur til að takast á við áfall sem þetta séu víða góðar hérlandis sbr. lága skuldarstöðu heimilanna, sterka stöðu ríkissjóðs og margra sveitasjóða þá er íslenska hagkerfið mjög opið og háð milliríkjaviðskiptum og því veltur framtíðin ekki síst á því hvernig öðrum þjóðum tekst upp í baráttunni við þennan vágast og þær efnahagsþrengingar sem á eftir koma.

Af þessum ástæðum má búast við atvinnuleysi sem spáð er að geti orðið geti allt að 17% á landsvísu. Hins vegar mun þetta hitta einstök landsvæði og sveitarfélög misjafnlega fyrir.

Þess vegna var ráðist í að reyna að meta áhrif atvinnuleysis á tekjur sveitarfélaga á Vesturlandi. Stuðst verður við söguleg gögn frá árunum 2002-2018 og munar þar mestu um reynsluna í kreppunni sem fylgdi Bankahruninu 2008. Matið var unnið á vormánuðum 2020.

3 AÐFERÐIR

Hér er ætlunin að meta áhrif atvinnuleysis á tekjur sveitarfélaga, kallað viðbótaráhrif í þessum Hagvísi (oft nefnt jaðaráhrif). Viðbótaráhrif atvinnuleysis gefa til kynna hversu mikið tekjurnar breytast í kjölfar 1% breytingar á atvinnuleysi miðað við þær matsaðferðir sem hér er beitt.

Fimm aðferðir voru notaðar og tvær þeirra mjög einfaldar reikningsaðferðir.

- Fyrst var meðaltal þriggja ystu gilda atvinnuleysis reiknað (þ.e. hæsta og lægsta atvinnuleysi sem orðið hefur á viðkomandi tímabili) sem og meðaltekjur sveitarfélags. Því næst var mismunur meðalatvinnuleysis ystu gildanna reiknaður auk meðaltekna. Hann var síðan umreiknaður í viðbótaráhrif. Þessi aðferð er skammstöfuð YG.
- Í annarri aðferðinni var horft til tveggja ára fyrir og eftir Bankahrún. Reiknað var meðalatvinnuleysi tveggja ára (fyrir og eftir Hrun) ásamt tilsvarende meðaltekjum og skoðuð breytingin sem varð þar á milli. Hún var síðan umreiknuð í viðbótaráhrif. Skammstöfunin 2FOE er notuð fyrir þessa aðferð.
- Þriðja aðferðin er einföld aðhvarfsgreining á gögn sveitarfélagsins til að meta þetta með mjög einföldu líkani. Til viðbótar við greiningu á gögnum sveitarfélagsins eingöngu var þessari aðferð beitt á gögn allra sveitarfélaga á Vesturlandi, allra sveitarfélaga á Stór-höfuðborgarsvæðinu, strjálbýli landsins og að síðustu öllum sveitarfélögum landsins að Reykjavík undanskilinni. Stór-höfuðborgarsvæðið er höfuðborgarsvæðið, Suðurnesin öll, Sveitarfélagið Ölfus, Hveragerðisbær, Árborg, Akranesbær og Hvalfjarðarsveit. Með strjálbýli er átt við öll sveitarfélög á landinu utan Stór-höfuðborgarsvæðisins og Akureyrar.
- Fjórdða aðferðin er aðhvarfsgreining þar sem tekið er tillit til fleiri þátta en atvinnuleysis (margvíð aðhvarfsgreining) við að meta viðbótaráhrifin á gögn viðkomandi sveitarfélags. Viðbótarþættirnir voru íbúafjöldi og útsvarsstofn sveitarfélaga á hvern íbúa. Vegna þess hvað fá gögn voru til fyrir hvert sveitarfélag var líkanið mjög einfalt eins og í einföldu aðhvarfsgreiningunni og niðurstöður þess því aðeins grófar vísbendingar. Líkt og í þriðju aðferðinni var líka framkvæmd greining fyrir Vesturland, stór-höfuðborgarsvæðið, strjálbýli landsins og landið allt.
- Fimmta aðferðin er margvíð aðhvarfsgreining eins og í fjórðu aðferðinni á gögn viðkomandi sveitarfélags en að þessu sinni var gögnum viðmiðunarsveitarfélaga bætt við að auki. Greint verður frá viðmiðunarsveitarfélögum hér rétt á eftir.

Allar krónutölur eru á verðlagi ársins 2014 til þess að þær séu sem sambærilegastar á milli ára.

Taka þurfti sérstaklega tillit til sveitarfélaga sem lentu í einhverjum verulegum staðbundnum áföllum eða uppgripum. Þar má nefna stórar fjárfestingar í Fjarðabyggð vegna álvers á Reyðarfirði, Fljótsdalshreppi vegna Kárahnjúkavirkjunar, Hvalfjarðarsveit vegna byggingarframkvæmda á Grundartanga og Norðurþingi vegna Kísilvers á Bakka. Þarna eru reyndar bara nefnd uppgrip en vissulega hafa áföll dunið yfir líka eins og hrun hörpuskeljastofns við Breiðafjörð 2002 sem kom sérstaklega illa við Stykkishólmsbæ.

Til viðbótar voru sett fram punktarit fyrir fjölda íbúa í hverju sveitarfélagi á Vesturlandi og atvinnuleysis annars vegar og punktarit fyrir útsvarsstofn á hvern íbúa og atvinnuleysis hins vegar. Þetta var gert til að sjá hvort aukið atvinnuleysi hafi haft tilhneigingu til að fæla fólk frá viðkomandi sveitarfélögum og hversu næmar tekjur heimilanna hafa verið fyrir atvinnuleysi á stöðunum. Þekkt er það mynstur víða úti á landi að fólk flytji frekar en að sitja atvinnulaust um langa hríð. Þetta á sérstaklega við um atvinnugreinar sem drifnar eru af „farandverkafólki“ eins og var um tíma í sjávarútvegi og hefur verið í ferðaþjónustu. Þá hefur aukið atvinnuleysi tilhneigingu til að lækka meðallaun heimilanna bæði vegna þess að sumir fara á atvinnuleysisbætur og þá lækka tekjurnar en líka vegna þess að fólk missir mögulega yfirvinnu eða það aukastarf sem það hefur haft. Dæmi voru líka um það í Bankahrúninu að fólk samþykkti launalækkun til að koma til móts við vinnuveitendur sína en við þær aðstæður hafði atvinnuleysi aukist mikið.

3.1 VIÐMIÐUNARSVEITARFÉLÖGIN

Viðmiðunarsveitarfélög voru valin fyrir hvert sveitarfélag á Vesturlandi við gerð fjárhagsvísa fyrir tveimur árum síðan og var birt í Hagvísi (Vifill Karlsson, 2018a). Í flestum tilvikum hafði hvert sveitarfélag einstakan hóp viðmiðunarsveitarfélaga sem finna má í næstu töflu (Tafla 1).

Tafla 1: Viðmiðunarsveitarfélög.

Upplýsingar SSV.

Sveitarfélag	Viðmiðunarsveitarfélög
Akraneskaupstaður	Mosfellsbær (1604), Fjarðabyggð (7300), Vestmannaeyjabær (8000) og Sveitarfélagið Árborg (8200).
Hvalfjarðarsveit	Sveitarfélagið Skagatrönd (5609), Langanesbyggð (6709), Bláskógabyggð (8721), Skaftárhreppur (8509) og Hrunamannahreppur (8710).
Skorradalshreppur	Engin.
Borgarbyggð	Grindavíkurbær (2300), Ísafjarðarbær (4200), Sveitarfélagið Skagafjörður (5200), Norðurþing (6100) og Fljótshálfhérað (7620).
Grundarfjarðarbær	Bolungarvíkurkaupstaður (4100) og Blönduósbær (5604), Seyðisfjarðarkaupstaður (7000) og Vopnafjarðarhreppur (7502).
Helgafellssveit	Árneshreppur (4901), Svalbarðshreppur (6706), Tjörneshreppur (6611) og Fljótshálfhérað (7505).
Stykkishólmurbær	Bolungarvíkurkaupstaður (4100), Húnaþing vestra (5508), Sveitarfélagið Hornafjörður (7708) og Vesturbyggð (4607).
Eyja- og Miklaholtshr.	Súðavíkurhreppur (4803), Kaldrananeshreppur (4902), Skagabyggð (5611), Borgarfjarðarhreppur (7509) og Breiðdalshreppur (7613).
Snæfellsbær	Sandgerðisbær (2503), Fjallabyggð (6250), Dalvíkurbyggð (6400) og Sveitarfélagið Ölfus (8717).
Dalabyggð	Hörgársveit (6515), Þingeyjarsveit (6612), Mýrdalshreppur (8508), Skeiða- og Gnúpverjahreppur (8720) og Flóahreppur (8722).

Viðmiðunarsveitarfélögin þurftu að vera sem líkust viðkomandi sveitarfélögum. Erfitt var að finna slík ef horft var til margra þátta samtímis en einkum var horft til íbúafjölda, uppbyggingar atvinnulífs og fjarlægðar frá höfuðborgarsvæðinu og/eða Akureyri. Ljóst má þykja að ekki hefur alltaf tekist vel til í vali á viðmiðunarsveitarfélögum en þó var betra að hafa nokkur saman en mjög fá eða engin. Þessi listi yfir viðmiðunarsveitarfélög var sendur framkvæmdarstjórum viðkomandi sveitarfélaga en fáar athugasemdir voru gerðar og var tekið tillit til flestra.

Þegar greiningin fór fram kom í ljós að viðmiðunarsveitarfélögin frá 2018 voru ekki alltaf heppileg. Þess vegna fór fram endurval sem sjá má hér (Tafla 2) og punktarit í viðauka.

Tafla 2: Ný viðmiðunarsveitarfélög.


Upplýsingar SSV.

Sveitarfélag	Viðmiðunarsveitarfélög
Akraneskaupstaður	Mosfellsbær (1604) og Seltjarnarnes (1100).
Hvalfjarðarsveit	Sveitarfélagið Skagatrönd (5609), Hrunamannahreppur (8710), Skeiða- og Gnúpverjahreppur (8720) og Bláskógabyggð (8721).
Skorradalshreppur	Engin.
Borgarbyggð	Norðurþing (6100), Fljótshálfhérað (7620) og Rangárþing eystra (8613).
Grundarfjarðarbær	Bolungarvíkurkaupstaður (4100), Blönduósbær (5604) og Seyðisfjarðarkaupstaður (7000).
Helgafellssveit	Árneshreppur (4901), Svalbarðshreppur (6706) og Tjörneshreppur (6611).
Stykkishólmurbær	Vesturbyggð (4607), Húnaþing vestra (5508) og Hornafjörður (7708).
Eyja- og Miklaholtshreppur	Reykholahreppur (4502) og Akrahreppur (5706).
Snæfellsbær	Sandgerðisbær (2503), Fjallabyggð (6250), Dalvíkurbyggð (6400) og Sveitarfélagið Ölfus (8717).
Dalabyggð	Mýrdalshreppur (8508) og Skeiða- og Gnúpverjahreppur (8720).

3.2 UM TEKJUR SVEITARFÉLGA

Í þessum Hagvísi er mest fjallað um heildartekjur, skatttekjur og þjónustutekjur. Tekjum sveitarfélaga má skipta í útsvör, fasteignaskatta, jöfnunarsjóðsframlög og þjónustutekjur, sem samtals er það sem við köllum heildartekjur hér.

Skatttekjur eru samtala útsvars og fasteignaskatta. Tekjustofnar sveitarfélaga eru hins vegar útsvör, fasteignaskattar og jöfnunarsjóðsframlög (Lög um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995). Þjónustutekjur eru ekki taldar með þeim enda skulu þær vera til þess að fjármagna þjónustu sem skal veitt á kostnaðarvirði. Til þess að veita innsýn inn í umfang þessara tekna skal greint frá skiptingu þeirra fyrir öll sveitarfélög á Íslandi.



Mynd 1: Tekjur sveitarfélaga á Íslandi 2019 og skipting eftir uppruna

Byggt á tölum Sambands íslenskra sveitarfélaga

Heildartekjur sveitarfélaga 2019 voru 354 milljarðar og skiptast þannig að 60% voru útsvarstekjur, 13% fasteignaskattur, 13% úr jöfnunarsjóði og 14% þjónustutekjur og aðrar tekjur (Mynd 1). Til samanburðar voru tekjur ríkissjóðs 872 milljarðar króna þetta ár. Á því sést að tekjur ríkis og sveitarfélaga voru samanlagt um 1.226 ma.kr. og að vægi sveitarfélaga er 29% á móti ríkissjóði. Á öðrum Norðurlöndum er ríkissjóður yfirleitt um þriðjungur á móti sveitarfélögum og öðrum dreifðum stjórnvöldum, sambærilegum því sem við getum kallað sýslur hér og eru ýmist kölluð ömt eða sýslur.

Þó útsvarstekjur séu 60% af samanlögðum heildartekjum allra sveitarfélaga er hlutur þeirra (eða vægi) ákaflega misjafn frá einu sveitarfélagi til annars. Hlutfall þeirra er t.d. hæst 71% af heildartekjum Garðabæjar en lægst 15% í Fljótsdalshreppi (Tafla 3). Í töflunni eru eingöngu tilgreind þau sveitarfélög sem voru með fimm hæstu hlutföllin og fimm lægstu en tæmandi lista yfir vægi útsvars allra sveitarfélaga er að finna í viðauka (Tafla 10). Skýringar á mjög ólíku vægi útsvars geta verið margar og misjafnar. Háar launatekjur hjá íbúum Garðabæjar að jafnaði, lítill réttur sveitarfélagsins til jöfnunarsjóðsframlaga auk þess sem lítið er af atvinnuhúsnæði sem ber töluvert hærri fasteignaskatta en íbúðarhúsnæði gætu verið nærtækar skýringar þar. Óvenju háir fasteignaskattar Fljótsdalshrepps vegna Kárahnjúkavirkjunar auk lágra launatekna íbúanna gætu skýrt útkomu þess síðarnefnda. Við sjáum t.d. að sveitarfélögin með fimm lægstu hlutföllin eru öll með óvenju mikið af fasteignum á sínu landi og lenda nánast öll í fimm efstu sætunum þegar kemur að vægi fasteignaskatts (Tafla 3). Í Grímsness- og Grafningshreppi eru mjög mikið af sumarhúsum


auk virkjana, í Hvalfjarðarsveit eru álver og járnblendiverksmiðja auk annarrar starfsemi á Grundartanga, í Ásahreppi eru a.m.k. tvær stórar virkjanir og í Skorradalshreppi er mikill fjöldi sumarhúsa. Allt eru þetta mjög eða frekar fámenn og strjálbýl sveitarfélög.

Tafla 3: Vægi útsvars í heildartekjum eftir sveitarfélögum árið 2019.

Byggt á gögnum Sambands íslenskra sveitarfélaga. Hér eru eingöngu tilgreind sveitarfélög með fimm hæstu hlutföllin og fimm lágstu.

Sveitarfélög	Útsvar sem hlutfall af heildartekjum
Garðabær	71%
Kópavogsbær	66%
Seltjarnarneskaupstaður	66%
Hafnarfjarðarkaupstaður	66%
Mýrdalshreppur	65%
Skorradalshreppur	27%
Ásahreppur	25%
Hvalfjarðarsveit	23%
Grímsnes- og Grafningshreppur	21%
Fljótsdalshreppur	15%

Auðvitað þarf einnig að horfa til útsvarsálagningar hvers sveitarfélags þegar leitað er skýringa á mismunandi vægi útsvarstekna af heildartekjum því margfeldi álagningarinnar og útsvarsstofns mynda útsvarstekjur sveitarfélaga (Vifill Karlsson, Jóhannsson, & Pétursson, 2017). Útsvarsstofn sveitarfélaga er tilsvareandi tekjuskattsstofni ríkissjóðs og því eru atvinnutekjur þar ráðandi stærð. Sveitarfélög höfðu heimild samkvæmt lögum til að velja sér álagningu á bilinu frá 12,44% til 14,52% af útsvarsstofni árið 2020.



Mynd 2: Álagningarprósenta útsvara og fjöldi sveitarfélaga árið 2020 vegna tekna 2019

Byggt á tölum Sambands íslenskra sveitarfélaga

Lang flest sveitarfélög nýta sér svigrúmið til hins ýtrasta og leggja 14,52% á útsvarsstofninn eða 55 þeirra af 72. Aðeins þrjú þeirra völdu sér lágstu mögulegu prósentu en það voru Skorradalshreppur, Ásahreppur og Grímsnes- og Grafningshreppur. Hin sveitarfélögin tvö sem lentu í fimm neðstu sætunum hvað varðaði vægi útsvars í heildartekjum voru með hærri prósentu, Fljótsdalshreppur með 13,20% og Hvalfjarðarsveit með 13,29%. Sjálfsagt reyna þau sveitarfélög sem geta, fjárhagsstöðu sinnar vegna, að gera vel við íbúa sína með því að hafa útsvarið lægra og jafnvel til að laða nýja íbúa að. Hvert prósentustig í lægra útsvari skilar íbúunum 10.000 kr. á ári á hverja eina milljón í brúttó tekjur (sem ganga inn í tekjuskattsstofninn). Ekki hefur samt verið hægt

að sýna fram á að slíkt dragi að neina nýja íbúa hérlandis eða hátt útsvar fæli íbúa frá (Vífill Karlsson, 2013).


Heilt yfir, er sveitarstjórnstigið að taka 13% af sínum tekjum inn í fasteignasköttum (Mynd 1). Þar er hins vegar miklu meiri breidd milli sveitarfélaga upp á við í samanburði við útsvörin en þar var meðaltalið 60% og hæsta gildið 71% í Garðabæ en í fasteignasköttum er meðaltalið 13% og hæsta gildið 55% hjá Grímsness- og Grafningshreppi (Tafla 4). Í töflunni eru eingöngu tilgreind þau sveitarfélög sem voru með fimm hæstu og fimm lægstu hlutföllin en tæmandi lista yfir vægi fasteignaskatta allra sveitarfélaga er að finna í viðauka (Tafla 10) Lægst er gildið hjá Skagabyggð. Nú þegar hafa nokkrar af ástæðum fyrir hæstu fimm gildunum hvað vægi snertir verið reifaðar en ekkert sagt um lægstu fimm (4-5%).

Tafla 4: Vægi fasteignaskatta í heildartekjum eftir sveitarfélögum árið 2019.

Byggt á gögnum Sambands íslenskra sveitarfélaga. Hér eru eingöngu tilgreind sveitarfélögin með fimm hæstu hlutföllin og fimm lægstu.

Sveitarfélög	Fasteignaskattar sem hlutfall af heildartekjum
Grímsnes- og Grafningshreppur	55%
Skorradalshreppur	54%
Fljótshreppur	51%
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	35%
Ásahreppur	33%
Reykholahreppur	5%
Bolungarvíkurkaupstaður	5%
Vesturbyggð	5%
Svalbarðshreppur	5%
Skagabyggð	4%

Hér skiptir álagningin líka miklu máli og hversu margar fasteignir lenda í A, B og C flokki fasteignaskatts. Í A-flokki eru íbúðir, orlofshús og öll önnur mannvirki á bújörðum til landbúnaðar. Í B-flokki eru fasteignir opinberra stofnana eins og heilbrigðis-, mennta- og menningarstofnana. C-flokkur nær til annars atvinnuhúsnaðs t.d. í ferðaþjónustu, iðnaði, fiskeldi eða vegna skrifstofuhalds (Lög um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995).




Mynd 3: Álagningarprósenta fasteignarskatts A og fjöldi sveitarfélaga árið 2020 vegna tekna 2019

Byggt á tölum Sambands íslenskra sveitarfélaga

Í lögnum segir að sveitarfélög megi taka hæst 0,5% af fasteignamati í A-flokki en eignir í B-flokki eru bundnar við 1,32%. Í C-flokki er hámark sett við 1,32% af fasteignamati. Virði lóðarréttinda

bætast við fasteignamat í öllum flokkum en virði hlunninda bætist við flokk A. Hlunnindi geta verið veiði-, vatns- eða önnur tekjumyndandi réttindi sem fylgja landi. Seinna var sveitarfélögum veitt heimild til að hækka hámarkið í A og C-flokki um 25% sem færði það þá í 0,625% í A-flokki og 1,65% í C (Lög um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum nr. 140/2005).

Árið 2020 var mun meiri breidd í álagningu fasteignaskatts í A-flokki meðal sveitarfélaga en útsvars því álagningarprósenta var í 32 mismunandi útgáfum, lægst 0,175% af fasteignamati hjá einu sveitarfélagi og hæst var hún í hámarkinu 0,625% hjá átta sveitarfélögum (Mynd 3). Algengast var álagningarprósenta 0,5% eða hjá 18 sveitarfélögum.



Mynd 4: Álagningarprósenta fasteignarskatts C og fjöldi sveitarfélaga árið 2020 vegna tekna 2019

Byggt á tölum Sambands íslenskra sveitarfélaga

Meiri breidd var í álagningu í flokki C árið 2019 en útsvari eða 20 mismunandi útfærslur en færri en í flokki A. Þar var álagningin lægst 0,4% hjá tveimur sveitarfélögum en hæst og náði hámarksheimildinni 1,65% hjá 36 sveitarfélögum.

Tafla 5: Álagning A-flokks fasteignaskatts í sumarhúsaríkustu sveitarfélögum 2020.

Byggt á gögnum Þjóðskrár og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Sveitarfélög	Fjöldi sumarhúsa 2019	Álagning A-flokks fasteignaskatts 2020
Grímsnes-og Grafningshreppur	2.908	0,465%
Bláskógabyggð	1.993	0,500%
Borgarbyggð	1.368	0,360%
Kjósarhreppur	584	0,400%
Rangárþing ytra	558	0,360%
Skorradalshreppur	544	0,350%
Hvalfjarðarsveit	475	0,400%
Rangárþing eystra	377	0,350%
Hrunamannahreppur	365	0,490%
Þingeyjarsveit	330	0,625%

Sumarhús falla í flokk A samkvæmt lögum. Áhugavert er að skoða hvort sumarhúsarík sveitarfélög eru að keppa í álagningu. Ef við tökum þau sveitarfélög sem eru með flest sumarhúsin (Tafla 5) kemur í ljós að hún er ákaflega mismunandi. Hún er lægst í Skorradalshreppi 0,35%, Borgarbyggð

0,36% og Rangárþingi ytra en hæst hjá Þingeyjarsveit 0,625%, Bláskógabyggð 0,5% og Grímsnes- og Grafningshreppi 0,465%. Það er eins og þau sem eru lægst séu að reyna að lokka fleiri til að reisa sumarhús í sínum sveitarfélögum á meðan hin sem eru hæst vilji hægja á fjölguninni en það er ekki eins og samkeppni sé hörð um sumarhúsaeygndur því hæsta álagningin er 78% hærri en sú lægsta í þessum hópi sveitarfélaga.

En auðvitað er þetta flóknara en svo að eingöngu sé horft til sumarhúsa, þó þau séu hlutfallslega mjög mörg í samanburði við fjölda íbúða fámennra sveitarfélaga, því sveitarfélög horfa líka til íbúanna sem greiða sama hlutfall af íbúðum sínum og atvinnuhúsnæði ef landbúnaður er ríkjandi atvinnugrein. Þess utan geta verið stórar virkjanir í sumum þessara sveitarfélaga eða mikið eða lítið af öðru atvinnuhúsnæði svo þessi greining þyrfti að vera mun ýtarlegri til að draga fram betri mynd af því hvernig sveitarfélög hugsa álagningu sína varðandi fasteignaskatta. Áhugaverðan lista yfir öll sveitarfélög og fjölda sumarhúsa 2010 og 2019 og breytinguna þar á milli ásamt íbúafjölda er að finna í viðauka (Tafla 12).

Þjónustutekjur geta verið umtalsverðar hlutfallslega eða um álíka miklar og fasteignaskattar og jöfnunarsjóðsframlög hvor um sig að jafnaði. Hins vegar er breytileikinn mikill á milli sveitarfélaga ef tölur frá árinu 2019 eru notaðar sem dæmi. Á þeim sést að þær eru frá 0 til 29% af heildinni. Fámennir sveitahreppar eins og Akrahreppur, Helgafellssveit og Tjörneshreppur eru dæmi um engar eða hverfandi litlar þjónustutekjur á meðan Hrunamannahreppur, Ísafjarðarbær og Langesbyggð eru dæmi um hið gagnstæða.

Að einhverju leyti má segja að þau sveitarfélög sem eru með miklar þjónustutekjur í samanburði við aðrar tekjur séu að veita mikla þjónustu (Tafla 6). A.m.k. voru íbúar á norðanverðum Vestfjörðum, þar sem Ísafjarðarbær þekur stærsta hlutann, ánægðir með þjónustuna í íbúakönnun 2017 (Vifill Karlsson, 2018b). Hvað Ísafjarðarbær snertir getur koma stórra farþegaskipa þangað verið að gefa þeim óvenju miklar tekjur tengdar höfninni m.v. stærð sveitarfélagsins í íbúum talið en hafnir eru nú yfirleitt reknar á B-hluta rekstrar sveitarfélaga. Þá geta sum sveitarfélög verið það heppin að hafa óvenju góða tekjulind eins og t.d. stóra virkjun, óvenju mikið af sumarhúsum eða stóriðju þannig að forsvarsfólk sveitarfélagsins getur ákveðið að veita góða þjónustu fyrir lágt gjald eða algjörlega án endurgjalds. Önnur sveitarfélög geta verið óheppin og hafa óvenju lágar meðaltekjur vegna ríkjandi atvinnugreina eins og t.d. landbúnaðar og þar með lágar útsvarstekjur, lága fasteignaskatta vegna lágs markaðsvirðis fasteigna eða lítið af atvinnuhúsnæði en samt kröfur um tiltekna þjónustu sem þarf síðan að kosta að mestu leyti eða fullu með notendagjöldum.

Í töflunni hér (Tafla 6) eru eingöngu tilgreind þau sveitarfélög sem voru með fimm hæstu hlutföllin og fimm lægstu en tæmandi lista yfir vægi þjónustutekna allra sveitarfélaga er að finna í viðauka (Tafla 10).

Tafla 6: Vægi þjónustutekna í heildartekjum eftir sveitarfélögum árið 2019.

Byggt á gögnum Sambands íslenskra sveitarfélaga. Hér eru eingöngu tilgreind sveitarfélögin með fimm hæstu hlutföllin og fimm lægstu.

Sveitarfélög	Útsvar sem hlutfall af heildartekjum
Hrunamannahreppur	29%
Ísafjarðarbær	26%
Langesbyggð	26%
Skútustaðahreppur	25%
Hveragerðisbær	24%
Skagabyggð	4%
Svalbarðshreppur	1%
Tjörneshreppur	1%
Helgafellssveit	0%
Akrahreppur	0%

Af þessu er frekar auðvelt að sjá hvers vegna fámennu sveitafélögin Akrahreppur, Helgafellssveit, Tjörneshreppur, Svalbarðshreppur og Skagabyggð eru svo lág (Tafla 6). Ekkert þéttbýli er í þessum sveitarfélögum og setur það þjónustustigi þeirra því vissar skorður (Tafla 13). Erfiðara er að átta sig nákvæmlega á því hvers vegna Hrunamannahreppur, Ísafjarðarbær, Langesbyggð, Skúta-staðahreppur og Hveragerðisbær lentu í fimm efstu sætunum. Þó svo ákveðnar skýringar hafi verið dregnar upp gagnvart Ísafjarðarbæ eru þær væntanlega ekki tæmandi. Ekki verður unnið meira með greiningu á þessu hér, heldur boðuð frekar greining síðar í umfjöllun um fjármál sveitarfélaga.

Tafla 7: Vægi jöfnunarsjóðsframlaga í heildartekjum eftir sveitarfélögum árið 2019.

Byggt á gögnum Sambands íslenskra sveitarfélaga. Hér eru eingöngu tilgreind sveitarfélögin með fimm hæstu hlutföllin og fimm lægstu.

Sveitarfélög	Jöfnunarsjóðsframlög sem hlutfall af heildartekjum	Atvinnutekjur, sætisröð.	Fjöldi íbúa
Skagabyggð	57%	69	90
Svalbarðshreppur	54%	71	93
Akrahreppur	50%	66	205
Reykholahreppur	47%	60	262
Súðavíkurborg	46%	44	208
Garðabær	7%	1	16.924
Grímsnes- og Grafningshreppur	6%	61	497
Reykjavíkurborg	6%	14	131.136
Kópavogsbær	5%	5	37.959
Skorradalshreppur	4%	56	65

Sveitarfélög fá framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Þar munar mest um framlag til tekjufjöfnunar, útgjaldajöfnunar, jöfnunar fasteignaskatta, reksturs grunnskóla og málefna fatlaðra. Ekki verður gerð tæmandi lýsing á því hvað ákvarðar greiðslur úr jöfnunarsjóði til sveitarfélaga hér heldur tekin dæmi um það helsta.


Almennt má segja um framlög úr jöfnunarsjóði, þegar horft er til laga um hann (Lög nr. 4/1995), að þeim mun fámennari sem sveitarfélögin eru þeim mun hærra útgjaldajöfnunarframlag fá þau reiknað á hvern íbúa þeirra og jafnvel framlag til jöfnunar fasteignaskatta.

Greiðslur tekjufjöfnunar-framlags hækka hins vegar þegar meðaltekjur íbúanna lækka t.d. vegna ríkjandi atvinnugreina. Þannig getur fámennið líka haft áhrif á tekjufjöfnunarframlagið að því marki sem það lækkar meðallaun eins og sumar kenningar hagfræðinnar kveða á um (O'Sullivan, 2009). Hins vegar valda útreikningar á því innan hvers stærðarflokks að mjög háar greiðslur geta fallið fjölmönnum sveitarfélögum í skaut og því er fylgni íbúafjölda og greiðslna tekjufjöfnunarframlags á hvern íbúa ekki endilega sterk. Útgjaldaframlagið tekur nánar tiltekið mið af aldurskiptingu íbúanna, fjölda innflytjenda, fjarlægða innan sveitarfélaga, fjölda þéttbýlisstaða, íbúaþróunar, snjómoksturs í þéttbýli, skólaaksturs úr dreifbýli og akstursþjónustu fatlaðra.

Framlagi til jöfnunar fasteignaskatta er ætlað að koma til móts við mismun á fasteignamati milli sveitarfélaga. Fasteignamatið byggir á markaðsvirði þeirra og það er almennt hærra í fjölmennara þéttbýli, þar sem atvinnutekjur eru hærri og nálægð er við sterka þjónustukjarna svo nokkrir mikilvægir áhrifaþættir séu nefndir (Vifill Karlsson, 2011, 2015). Fámenni sveitarfélaga hefur því tilhneigingu til að hækka þetta framlag einnig. Greiðslur vegna málefna fatlaðra fara mest eftir annarri þjónustuþörf þeirra en vegna aksturs. Framlög vegna reksturs grunnskóla tekur mið af fjölda fatlaðra nemenda en líka fjölda nemenda með íslensku sem annað tungumál svo dæmi séu tekin. Stærsti hluti framlaga (70-80%) vegna reksturs grunnskóla eru almenn jöfnunarframlög sem ætlað er að jafna rekstur lítilla og stórra grunnskóla. Þarna hefur því fámennið aftur tilhneigingu til að hækka framlögin til sveitarfélaganna.

Samantektin yfir vægi jöfnunarsjóðsframlaga í heildartekjum sveitarfélaga (Tafla 7) gefur til kynna að jöfnunarsjóðsframlög séu hlutfallslega háar í sveitarfélögum sem eru frekar fámenn, landstór og þar sem atvinnutekjur á mann eru lágar, t.d. þar sem landbúnaður er fyrirferðarmikil atvinnugrein. Upplýsingar yfir atvinnutekjur og íbúafjölda var bætt inn (Tafla 7) úr viðauka (Tafla 11). Þær eru hins vegar frekar hlutfallslega lágar í fjölmennari sveitarfélögum og þar sem meðaltekjur eru háar og íbúar eru margir. Þá eru Skorradalshreppur, Grímsness- og Grafningshreppur ásamt Súðarvíkurhreppi vissar ráðgátur. Óvenju háir fasteignaskattar eru í tveimur fyrrnefndu sveitarfélögunum og fer það trúlega langt með að útskýra þá en ekki var lögð mikil vinna í að leita skýringa fyrir Súðarvíkurhrepp.

Í töflunni hér (Tafla 7) eru eingöngu tilgreind þau sveitarfélög sem voru með fimm hæstu hlutföllin og fimm lægstu en tæmandi lista yfir vægi jöfnunarsjóðsframlaga allra sveitarfélaga er að finna í viðauka (Tafla 10).




Mynd 5: Jöfnunarsjóðsframlög sveitarfélaga á hvern íbúa

Tölur Sambands íslenskra sveitarfélaga

Af umfjölluninni má ráða að vægi útsvars, fasteignaskatta og þjónustutekna geti verið hærri hjá fjölmennari sveitarfélögum en fámennum vegna þess að atvinnutekjur hafa tilhneigingu til að vera hærri í þeim og fasteignaverð og þá fasteignamat. Þjónustutekjur gætu lotið sömu lögmálum vegna þess að þar eru fleiri sem búa í stórum þjónustukjarna og þeir eru oft forsenda fyrir því að hægt sé að veita þjónustu á ýmsum sviðum. Jöfnunarsjóðsframlög eru hins vegar hugsaðar til þess að gera litlum sveitarfélögum kleift að lifa og jafna aðstöðu þeirra fjárhagslega gagnvart þeim stóru eins og nafnið bendir til og þess vegna getur vægi þeirra verið hærri hjá þeim smærri en þeim stærri. Það er þó ekki þannig að fjölmenn sveitarfélög fái ekki neitt út úr jöfnunarsjóði. Reykjavík fær t.d. mest allra sveitarfélaga úr jöfnunarsjóðnum í krónum talið eða 7,5 ma.kr. árið 2019 og um 16% af heildinni. Næst kom Akureyri með rúmlega helmingi lægri fjárhæð eða um 3,5 ma.kr. þetta ár. Reykjavík fær hins vegar einna lægst út úr sjóðnum þegar framlögin eru reiknuð á hvern íbúa (Mynd 5). En það eru líka önnur sveitarfélög svipað lág og Reykjavík. Þar má nefna Kópavogsbæ, Garðabæ, Seltjarnarnesbær og Skorradalshreppur.

4 ATVINNULEYSI OG TEKJUR SVEITARFÉLAGA

4.1 AKRANES



Mynd 6: Punktarit tekna og atvinnuleysis Akraness 2002-2018.


Byggt á tölum Sambands íslenskra sveitarfélaga og Vinnumálastofnunar. Tölur á verðlagi 2014.

Hér var skoðað hvernig tekjur sveitarfélagsins hafa þróast í takt við breytt atvinnuleysi (Mynd 6). Þegar atvinnuleysi mældist lægst (á bilinu 1-2%) voru heildartekjur sveitarfélagsins 4.869 m.kr. (meðaltal allra ára þegar atvinnuleysi var 2% og lægra) en þegar það var 8% voru þær 4.237 m.kr. Þarna munar 632 m.kr. sem er 13% lækkun frá atvinnuleysi um 2% og lægra. Það eru 2,1% viðbótaráhrif.

Síðan var skoðuð breytingin tveimur árum fyrir og eftir Bankahrún (samkvæmt 2FOE) og þá kom annað í ljós. Fyrir Bankahrún var atvinnuleysi 1,12 % og meðal heildartekjur 4.230 m.kr. en tveimur árum eftir Hrunið var atvinnuleysi 7,51% að jafnaði en heildartekjurnar 4.146 m.kr. Það er lækkun upp á 84 m.kr. eða 2,0% sem telst vera um -0,31% viðbótaráhrif sem er í nokkru samræmi við aðhvarfsgreininguna þar sem tekið var tillit til íbúapróunar og breytinga á tekjum heimilanna.

Næst var gerð einföld aðhvarfsgreining á milli þróunar heildartekna í sveitarfélaginu og atvinnuleysis sem leiddi í ljós að viðbótaráhrifin voru -2,5%. Sambærileg meðferð á skatttekjufallinu skilaði viðbótaráhrifum upp á -2,21%. Óvissa var þar líka mikil. Hins vegar virðast þjónustutekjurnar ekki fylgja þessum lækkunarferli þegar tvö ystu gildin (til hægri) voru tekin með en annars gerðu þau það. Ef öll gildin voru tekin með þá voru viðbótaráhrifin breytileg, mest fyrst og neikvæð eins og vænta mátti og almennt er en svo snúast þau við og verða jákvæð.


En aftur að heildartekjunum. Sérstaklega mikil óvissa er í tölunum þar sem atvinnuleysi er 2% og lægra (Mynd 6). Það getur íbúapróunin útskýrt, þróun atvinnutekna heimilanna og fleira. Ef fólk flytur búferlum vegna atvinnuleysis þá verður högg sveitarfélagsins enn meira. Þess vegna var gerð greining þar sem tekið var tillit til fleiri þátta eins og þróun íbúafjölda og tekna heimilanna og mældust viðbótaráhrif atvinnuleysis þá -0,68 prósentustig. Það þýðir að ef atvinnuleysi fer úr 1% í 5% dragast heildartekjur saman um 3,4%. Mikil óvissa er samt í þessari niðurstöðu. Viðbótaráhrifin gátu alveg farið niður í -2,54% og skilað því breytingu upp á 10,2% á milli 1-5% atvinnuleysi.



Mynd 7: Punktarit íbúafjölda og atvinnuleysis Akraness 2002-2018.

Byggt á tölum Hagstofu Íslands og Vinnumálastofnunar.

Að síðustu var gerð margvíð aðhvarfsgreining á heildartekjum sveitarfélagsins ásamt viðmiðunar-sveitarfélögum Akraness. Líkan sem tók tillit til atvinnuleysis, íbúafjölda og atvinnutekna heimilanna skilaði viðbótaráhrifum upp á -1,2%. Hér var þó eingöngu stuðst við gögn frá árinu 2004 vegna þess hvað tölurnar fyrir 2002 og 2003 voru óvenjulegar.



Mynd 8: Punktarit útsvarsstofns á íbúa og atvinnuleysis Akraness 2002-2018.


Byggt á tölum Sambands íslenskra sveitarfélaga og Vinnumálastofnunar. Tölur á verðlagi 2014.

Að lokum var dregið upp annað punktarit til að sjá hvort aukið atvinnuleysi hefði áhrif á íbúaþróun í sveitarfélaginu. Engar vísbendingar komu fram um það jafnvel þó dregin væru sérstaklega fram tvö árin fyrir Bankahrún og tvö árin á eftir (Mynd 7). Til nánari glöggvunar má líka sjá 2005 og

2011. Einnig var teiknað punktarit á milli atvinnuleysis og útsvarstofns á hvern íbúa sem endurspeglar nokkuð atvinnutekjur heimilanna (Mynd 8). Þessar tvær myndir gefa til kynna að atvinnutekjurnar eru líklegri til að lækka heildartekjur heimilanna en íbúaþróunin.


Samanburður aftar í þessu riti (kafla 4.11) sýnir að viðbótaráhrif atvinnuleysis á Akranesi á heildartekjur sveitarfélagsins eru hlutfallslega hvergi lægri á Vesturlandi. Það útskýrir m.a. hverfandi líkur á að fólk flytji vegna atvinnuleysis (Tafla 9) og að jöfnunarsjóðsframlög eru hlutfallslega lágar af heildartekjum sveitarfélagsins miðað við önnur sveitarfélög (Mynd 36). Þá er næmni útsvarstofns á hvern íbúa gagnvart atvinnuleysi hlutfallslega hvergi lægri en á Akranesi (Tafla 9).

4.2 SKORRADALSHREPPUR

**Mynd 9: Punktarit tekna og atvinnuleysis Skorradalshrepps 2002-2018.**


Byggt á tölum Sambands íslenskra sveitarfélaga og Vinnumálastofnunar. Tölur á verðlagi 2014.

Gögn voru af skörum skammti til fyrir Skorradalshrepp og því lítið hægt að greina. Það sést þó á punktaritinu að línurnar eru niðurbhallandi eins og búist var við (Mynd 9). Ef við tökum hins vegar muninn á ystu gildunum þá fást -26% viðbótaráhrif sem er mjög hátt. En eins og áður sagði lítið á þessari tölu mark takandi.

**Mynd 10: Punktarit íbúafjölda og atvinnuleysis Skorradalshrepps 2002-2018.**

Byggt á tölum Hagstofu Íslands og Vinnumálastofnunar.


Þá voru punktarit teiknuð upp fyrir íbúafjölda og atvinnuleysi annars vegar (Mynd 10) og útsvarsstofn á íbúa og atvinnuleysi eins og fyrir önnur sveitarfélög á Vesturlandi (Mynd 11). Lítið var á þeim að græða, en frekar seinni myndinni þar sem leitnilínan var niðurhallandi.



Mynd 11: Punktarit útsvarsstofns á íbúa og atvinnuleysis Skorradalshrepps 2002-2018.

Byggt á tölum Sambands íslenskra sveitarfélaga og Vinnumálastofnunar. Tölur á verðlagi 2014.

4.3 HVALFJARÐARSVEIT



Mynd 12: Punktarit tekna og atvinnuleysis Hvalfjarðarsveitar 2002-2018.

Byggt á tölum Sambands íslenskra sveitarfélaga og Vinnumálastofnunar. Tölur á verðlagi 2014.

Nú verður lýst hvernig tekjur sveitarfélagsins hafa þróast með auknu atvinnuleysi (Mynd 12). Þegar atvinnuleysi mældist lægst voru heildartekjur sveitarfélagsins 728 m.kr. (meðaltal allra ára þegar atvinnuleysi var lægra en 1%) en þegar það var meira en 4% voru þær 671 m.kr. Þarna munar 57 m.kr. Það er 7,8% lækkun frá atvinnuleysi um 1% og lægra. Það eru viðbótaráhrif upp á -1,9%.


Næst var skoðuð breytingin á tveimur árum fyrir og eftir Bankahrun. Fyrir Bankahrun var atvinnuleysi 0,4% og meðal skatttekjur 707 m.kr. en tveimur árum eftir Hrunið var atvinnuleysi 4,5% að jafnaði en tekjurnar 671 m.kr. Það er lækkun upp á 36 m.kr. eða 5,1% sem telst vera um -1,25% viðbótaráhrif.

Þegar skatttekjur voru dregnar út úr heildartekjum kom í ljós að viðbótaráhrif atvinnuleysis voru miklu meiri en í heildartekjum. Það sést m.a. á því hvað rauða leitnilínan er miklu brattari en sú bláa. Viðbótaráhrif atvinnuleysis á þjónustutekjur eru hins vegar breytileg, fyrst neikvæð eftir að atvinnuleysi eykst en svo jákvæð þegar nálgast fer 4% atvinnuleysi.

En aftur að heildartekjunum. Komið var að því að greina þær með einfaldri aðhvarfsgreiningu. Óvenjulegum tölum í safninu fyrir heildartekjur var haldið utan við hana. Það voru gildin fyrir 2002-2005. Það er eitthvað sem gerist á þessu tímabili (eða á milli árunna 2005 og 2006) þannig að tölurnar flokkast sem utangarðsgildi (e. outlier). Þær sjást og eru merktar sem fjólubláir þríhyrningar (Mynd 12). Milli árunna 2005 og 2006 varð eitthvað stökk í skatttekjum og heildartekjum sem trúlega má rekja til einhverra framkvæmda á Grundartanga þannig að tekjur vegna fasteignagjalda hækka (ágiskun). Greiningin án utangarðsgildanna skilaði -2,7% viðbótaráhrifum atvinnuleysis. Það þýðir að ef atvinnuleysi fer úr 1% í 5% dragast heildartekjur saman um 10,8%. Mikil óvissa er samt í þessari niðurstöðu.


Þetta eru mikil viðbótaráhrif atvinnuleysis og gæti það verið útskýrt með búferlaflutningum í kjölfar atvinnuleysis eða lækkandi atvinnutekna heimilanna. Því var brugðið á það ráð að framkvæma ítarlegri aðhvarfsgreiningu (margvíða) sem tók tillit til atvinnuleysis, íbúafjölda og tekna heimilanna. Til að fjölga athugunum var viðmiðunarsveitarfélögum bætt við.

Það skilaði -1,3% viðbótaráhrifum atvinnuleysis á heildartekjur.



Mynd 13: Punktarit íbúafjölda og atvinnuleysis Hvalfjarðarsveitar 2002-2018.

Byggt á tölum Hagstofu Íslands og Vinnumálastofnunar.




Mynd 14: Punktarit útsvarstofns á íbúa og atvinnuleysis Hvalfjarðarsveitar 2002-2018.

Byggt á tölum Sambands íslenskra sveitarfélaga og Vinnumálastofnunar. Tölur á verðlagi 2014.

Punktarit yfir fjölda íbúa og atvinnuleysi (Mynd 13) og atvinnuleysi og útsvarstofn á hvern íbúa (Mynd 14) sýndu neikvæðar leitnilínur sem bentu til að báðir þættir leiki hlutverk í að lækka heildartekjur heimilanna. Gögn fyrri myndarinnar gáfu það reyndar ekki til kynna fyrir en árunum 2002-2005 var hent út (grænir þríhyrningar) eins og fyrir tekjurnar.

Samanburður hér á eftir (kaflí 4.11) sýnir að viðbótaráhrif atvinnuleysis í Hvalfjarðarsveit á heildartekjur sveitarfélagsins eru með því lægsta hlutfallslega í samanburði við önnur sveitarfélög á Vesturlandi. Það útskýrir m.a. frekar litlar líkur á að fólk flytji vegna atvinnuleysis (Tafla 9) og að jöfnunarsjóðsframlög eru hlutfallslega mjög lágar af heildartekjum sveitarfélagsins miðað við önnur sveitarfélög (Mynd 36).

4.4 BORGARBYGGÐ



Mynd 15: Punktarit tekna og atvinnuleysis í Borgarbyggð 2002-2018.

Byggt á tölum Sambands íslenskra sveitarfélaga og Vinnumálastofnunar. Tölur á verðlagi 2014.


Hér var skoðað hvernig tekjur sveitarfélagsins höfðu þróast á móti breytingum í atvinnuleysi (Mynd 15). Þegar atvinnuleysi mældist lægst 0,2% voru heildartekjur sveitarfélagsins 3.121 m.kr. (meðaltal tveggja ystu punkta til vinstri 3.001 og 3.241) en þegar það var 5% voru þær 2.709 m.kr. (meðaltal tveggja ystu punkta til hægri 2.790 og 2.628). Þarna munar 412 m.kr. sem er 13,2% lækkun frá 0,2% atvinnuleysi. Það eru um 2,8% atvinnuleysi.

Að auki voru skoðuð tvö ystu gildi skatttekna sveitarfélagsins líkt og í upphafi kaflans. Þegar atvinnuleysi mældist lægst 0,2% voru skatttekjur sveitarfélagsins 1.709 m.kr. (meðaltal tveggja ystu punkta til vinstri 1.638 og 1.779) en þegar það var 5% voru þær 1.440 m.kr. (meðaltal tveggja ystu punkta til hægri 1.515 og 1.364). Þarna munar 269 m.kr. Það er 16% lækkun frá 0,2%. Hins vegar virðast þjónustutekjurnar ekki fylgja þessum lækkunarferli ef tvö ystu gildin (til hægri) eru tekin með annars gera þau það.

Víkjum nú aftur að þróun heildartekna. Nú var kíkt á breytinguna tveimur árum fyrir og eftir Bankahrún. Þá kom annað í ljós. Fyrir Bankahrún var atvinnuleysi 0,3% og heildartekjur á ári 3.121 m.kr. en tveimur árum eftir Hrunið var atvinnuleysi 5,0% að jafnaði en tekjurnar 2.709 m.kr. Það er lækkun upp á 412 m.kr. eða 13% sem er telst vera um -2,8% viðbótaráhrif.

Þá var einföld aðhvarfsgreining notuð til að mæla viðbótaráhrif atvinnuleysis sem var -4,0 prósentustig (Mynd 15). Sem vísending þýðir það að ef atvinnuleysi fer úr 1% í 5% dragast heildartekjur saman um 16%. Mikil óvissa er samt í þessari niðurstöðu vegna fárra ára sem liggja til grundvallar. Viðbótaráhrifin yrðu mun lægri ef fólk flytur ekki brott út af atvinnuleysinu eins og gjarnan vill verða úti á landi þegar kreppir að og það missir atvinnuna. Reynslan sýnir að það gerist gjarnan í Borgarbyggð (Mynd 16). Þá getur atvinnuleysi auðveldlega dregið úr atvinnutekjum heimilanna sem hefðu t.d. bein áhrif á útsvarsstofn. Þess vegna var líka dregið upp punktarit atvinnuleysis og útsvarstofs á hvern íbúa (Mynd 17). Þar kom einnig fram neikvæð fylgni og því


skiluðu báðar myndirnar neikvæðri leitnilínu og líklegt að báðir þættir leiki hlutverk í að lækka heildartekjur sveitarfélagsins (Tafla 9).



Mynd 16: Punktarit íbúafjölda og atvinnuleysis Borgarbyggðar 2002-2018.

Byggt á tölum Hagstofu Íslands og Vinnumálastofnunar.

Að lokum var gerð aðhvarfsgreining með viðmiðunarsveitarfélögum Borgarbyggðar en hún skilaði -1,0% viðbótaráhrifum. Árunum 2002 og 2003 var sleppt vegna ákveðinna vandamála. Þetta var margvíð aðhvarfsgreining sem tók jafnframt tillit til íbúaþróunar og tekna heimilanna.



Mynd 17: Punktarit útsvarsstofns á íbúa og atvinnuleysis Borgarbyggðar 2002-2018.


Byggt á tölum Sambands íslenskra sveitarfélaga og Vinnumálastofnunar. Tölur á verðlagi 2014.

Við nánari skoðun virðist breytingin á tekjum sveitarfélagsins vera mest fyrst eftir að atvinnuleysi fór að aukast en svo dró úr því. Þannig var lækkun tekna hlutfallslega meiri á milli 1% og 2% atvinnuleysis en t.d. 4% og 5% atvinnuleysis.

Punkturit íbúafjölda og atvinnuleysis var teiknað fyrir Borgarbyggð árin 2002-2018 og sýndi það nokkuð sterka fylgni á milli (Mynd 16). Þó er eins og þrjú ár skeri sig aðeins úr neðarlega vinstra megin við miðju myndarinnar (punktalína hringuð um þá). Þetta voru punktar fyrir árin 2002-2004 (grænir þríhyrningar). Það er eins og þau ár virðist skera sig nokkuð úr fyrir sveitarfélögin á svæðinu. Þeir voru samt ekki teknir út úr þessari aðhvarfsgreiningu sem að baki leitnilínu myndarinnar stendur.

Samanburður í lok meginmáls (kafla 4.11) sýnir að viðbótaráhrif atvinnuleysis í Borgarbyggð á heildartekjur sveitarfélagsins raðast nokkurn vegin fyrir miðju í samanburði við önnur sveitarfélög á Vesturlandi þegar til lengri tíma litið. Til skemmri tíma litið er Borgarbyggð hins vegar með þeim lægstu. Þetta útskýrir m.a. miklar líkur á að fólk flytji vegna atvinnuleysis (Tafla 9) og að jöfnunar-sjóðstekjur eru hlutfallslega háar af heildartekjum sveitarfélagsins miðað við önnur sveitarfélög (Mynd 36). Hins vegar virðist næmni útvarsstofns á hvern íbúa gagnvart atvinnuleysi vera hlutfallslega lág í þessum samanburði (Tafla 9).

4.5 GRUNDARFJARÐARBÆR



Mynd 18: Punktarit tekna og atvinnuleysis Grundarfjarðarbæjar 2002-2018.


Byggt á tölum Sambands íslenskra sveitarfélaga og Vinnumálastofnunar. Tölur á verðlagi 2014.

Söguleg gögn yfir tekjur sveitarfélagsins og atvinnuleysis voru nú nýtt til að varpa ljósi á hvernig hið fyrra hafði þróast þegar atvinnuleysi breyttist (Mynd 18). Þegar atvinnuleysi mældist lægst voru heildartekjur sveitarfélagsins 842 m.kr. (meðaltal þriggja ára þegar atvinnuleysi var lægra en 0,8%) en þegar það var meira en 3% voru þær 661 m.kr. Þarna munar 181 m.kr. Það er 21,5% lækkun frá 0,7% atvinnuleysi og lægra. Það eru -7,5% viðbótaráhrif.

Þegar skatttekjur voru dregnar út úr heildartekjum kom í ljós að viðbótaráhrif atvinnuleysis voru minni en gagnvart heildartekjum, eða -6,6%. Það sést líka á því hvað rauða leitnilínan er flatari en sú bláa. Viðbótaráhrif atvinnuleysis á þjónustutekjur eru hins vegar mjög væg en breytileg, fyrst neikvæð eftir að atvinnuleysi fer að aukast á ný en svo jákvæð þegar nálgast fer 4% atvinnuleysi.

Því næst skal vikið aftur að heildartekjum og kíkt á breytinguna tveimur árum fyrir og eftir Bankahrun. Fyrir Bankahrun var atvinnuleysi 0,8% og meðal skatttekjur 727 m.kr. en tveimur árum eftir Hrunið var atvinnuleysi 3,6% að jafnaði en tekjurnar 654 m.kr. Það er lækkun upp á 73 m.kr. eða 10% sem er telst vera um -3,6% viðbótaráhrif.


Þegar notuð var mjög einföld aðhvarfsgreining mældust viðbótaráhrif atvinnuleysis -7,1%. Það þýðir að ef atvinnuleysi fer úr 1% í 5% dragast heildartekjur saman um 28,4%. Mikil óvissa er samt í þessari niðurstöðu vegna fárra ára sem liggja til grundvallar. Áhrifin verða mun vægari ef fólk flytur ekki brott út af atvinnuleysi eins og gjarnan vill verða víða úti á landi. Þess vegna var leitað vísbendinga fyrir því hvort fólk í Grundarfjarðarbæ hefði áður flúið aukið atvinnuleysi. Punktarit var því dregið upp fyrir íbúapróun og atvinnuleysi (Mynd 19). Það benti ekki til þess að neitt samband væri þar á milli. En þegar skoðaðir voru punktarnir fyrir árin í kringum Bankahrunið (gulir fyrir Hrun og rauðir á eftir, svo eru 2005 og 2011 merktir inn að auki) þá sást að færri íbúar voru eftir að kreppan var skollin á og atvinnuleysið meira. Hér þyrfti því kannski meiri greiningu á þessum tölum til að draga fram betri vísbendingar á fylgni milli íbúapróunar og atvinnuleysis í Grundarfirði.



Mynd 19: Punktarit íbúafjölda og atvinnuleysis Grundarfjarðarbæjar 2002-2018.

Byggt á tölum Hagstofu Íslands og Vinnumálastofnunar.

Þá var skoðað punktarit á milli útsvars á hvern íbúa og atvinnuleysis (Mynd 19) vegna þess að áhrif atvinnuleysis á heildartekjur sveitarfélagsins gætu komið í gegnum mun lægri atvinnuleysistekjur heimilanna og þaðan í gegnum útsvarstofn. Í ljós kom neikvæð fylgni sem ekki fannst á milli atvinnuleysis og íbúafjölda (Tafla 9).




Mynd 20: Punktarit útsvarstofns á íbúa og atvinnuleysis Grundarfjarðarbæjar 2002-2018.

Byggt á tölum Sambands íslenskra sveitarfélaga og Vinnumálastofnunar. Tölur á verðlagi 2014.

Margvíð aðhvarfsgreining var næst framkvæmd á gögnum Grundarfjarðarbæjar yfir heildartekjur og atvinnuleysi og skilaði viðbótaráhrifum upp á -2,7%. Í fimmta lagi var viðmiðunar-sveitarfélögum bætt við fyrri greiningu og skilaði -3,6% viðbótaráhrifum.

Samanburður aftarlega í þessu riti (kafla 4.11) gefur til kynna að viðbótaráhrif atvinnuleysis í Grundarfjarðarbæ á heildartekjur sveitarfélagsins eru með því hæsta í samanburði við önnur sveitarfélög á Vesturlandi. Þetta er nú svolítill ráðgáta því ekki virðast vera miklar líkur á að fólk flytji vegna atvinnuleysis (Tafla 9) og jöfnunarsjóðsframlög eru ekki hlutfallslega háar af heildartekjum sveitarfélagsins miðað við önnur sveitarfélög (Mynd 36). Hins vegar eru viðbótaráhrif atvinnuleysis á útsvarsstofn á hvern íbúa hlutfallslega há í þessum samanburði (Tafla 9).

4.6 HELGAFELLSSVEIT



Mynd 21: Punktarit tekna og atvinnuleysis Helgafellssveitar 2002-2018.

Byggt á tölum Sambands íslenskra sveitarfélaga og Vinnumálastofnunar. Tölur á verðlagi 2014.


Hér var skoðað hvernig tekjur sveitarfélagsins höfðu þróast á móti breytingum í atvinnuleysi (Mynd 21). Samkvæmt því verður ekki sagt um Helgafellssveit að söguleg gögn afhjúpi samband á milli tekna og atvinnuleysis. Línurnar eru nánast láréttar að sjá og fylgnin hverfandi lítil.

Þegar litið var til ystu punktana í atvinnuleysinu þá fékkst 0% að jafnaði í atvinnuleysi þegar það var lægst en 5,0% þegar það var hæst. Heildartekjurnar voru um 33 m.kr. í fyrra tilvikinu en 31 m.kr. í því seinna. Það er 2 m.kr. lækkun (eða 6,6%) tekna úr 0% atvinnuleysi í 5%. Það gefur viðbótaráhrif upp á -1,3%.

Til skemmri tíma virðist samt vera aukning í tekjum sveitarfélagsins því að tveimur árum fyrir Bankahrun var atvinnuleysi 0,3% og meðalskatttekjur um 24 m.kr. en tveimur árum eftir Hrunið var atvinnuleysi 4,5% að jafnaði en skatttekjurnar um 30 m.kr. Það er hækkun upp á 6 m.kr. eða 26% sem er telst vera um 6,1% viðbótaráhrif. Engin áhrif til lækkunar voru hins vegar á heildartekjum þegar dæmið var reiknað svona.


Að lokum var gerð aðhvarfsgreining með viðmiðunarsveitarfélögum Helgafellssveitar. Einfalt líkan skilaði viðbótaráhrifum upp á -1,3%.

Punktarit og fylgnilína fyrir íbúapróun og atvinnuleysi voru því teiknuð og ekki var hægt að finna neikvætt samband þar á milli eins og víða annars staðar á Vesturlandi og höfundi hefði fundist líklegt (Mynd 22).



Mynd 22: Punktarit íbúafjölda og atvinnuleysis Helgafellssveitar 2002-2018.

Byggt á tölum Hagstofu Íslands og Vinnumálastofnunar.




Mynd 23: Punktarit útsvarsstofns á íbúa og atvinnuleysis Helgafellssveitar 2002-2018.

Byggt á tölum Sambands íslenskra sveitarfélaga og Vinnumálastofnunar. Tölur á verðlagi 2014.

Samanburður í lok meginmáls þessa rits (kafla 4.11) gefur til kynna að áhrif atvinnuleysis í Helgafellssveit eru óvenju lág í samanburði við önnur sveitarfélög á Vesturlandi þegar horft er á viðbótaráhrif atvinnuleysis á heildartekjur sveitarfélaga. Þó var erfitt að rýna í gögn sveitarfélagsins og afla þyrfti meiri gagna og vinna meira með þau til að greina þetta betur.

4.7 STYKKISHÓLMSBÆR

**Mynd 24: Punktarit tekna og atvinnuleysis Stykkishólmsbæjar 2002-2018.**

Byggt á tölum Sambands íslenskra sveitarfélaga og Vinnumálastofnunar. Tölur á verðlagi 2014.


Nú verður lýst hvernig tekjur sveitarfélagsins hafa þróast með auknu atvinnuleysi (Mynd 24). Þegar atvinnuleysi mældist lægst voru heildartekjur sveitarfélagsins 1.090 m.kr. (meðaltal þriggja ára þegar atvinnuleysi lægra en 0,7%) en þegar það var um 3% og voru þær 825 m.kr. Þarna munar 265 m.kr. Það er 24,3% lækkun frá 0,6% atvinnuleysi og lægra. Það eru viðbótaráhrif upp á -9,6%.

Þegar skatttekjur voru dregnar út úr heildartekjum kom í ljós að viðbótaráhrif atvinnuleysis voru minni en á heildartekjum. Það sést á því hvað rauða leitnilínan er miklu flatari en sú bláa. Viðbótaráhrif atvinnuleysis á þjónustutekjur eru hins vegar breytileg, fyrst neikvæð eftir að atvinnuleysi eykst en svo jákvæð þegar nálgast fer 4% atvinnuleysi.

Einblínt skal aftur á heildartekjur sveitarfélagsins og horft á breytingu þeirra tveimur árum fyrir og eftir Bankahrun. Fyrir Bankahrun var atvinnuleysi 1,1% og meðal skatttekjur 959 m.kr. en tveimur árum eftir Hrunið var atvinnuleysi 2,3% að jafnaði en tekjurnar 870 m.kr. Það er lækkun upp á 89 m.kr. eða 9,3% sem telst vera um -8% viðbótaráhrif.

Þá var gerð einföld aðhvarfsgreining til að mæla viðbótaráhrif atvinnuleysis á heildartekjur. Það skilaði -8,8%. Það þýðir að ef atvinnuleysi fer úr 1% í 5% dragast heildartekjur saman um 35,2%. Mikil óvissa er samt í þessari niðurstöðu. Þetta lækkar í 5,5% (22% þá í stað 35,2%) ef fólk flytur ekki brott út af atvinnuleysinu eins og gjarnan vill verða. Þess vegna var gerð aðhvarfsgreining sem tók tillit fleiri þátta en atvinnuleysis, þ.m.t. íbúafjölda. Hún skilaði -3,9% viðbótaráhrifum. Að lokum var viðmiðunarsveitarfélögum bætt við og þá breyttust þau í -4,1%.


Til þess að fá vísbendingar fyrir því hvort fólk var líklegt til að flytja brott þegar atvinnuleysi ykist var teiknað upp punktarit á milli atvinnuleysis og íbúafjölda í Stykkishólmsbæ. Samkvæmt því voru vissar líkur á að það gerðist (Mynd 25).



Mynd 25: Punktarit íbúafjölda og atvinnuleysis Stykkishólmsbæjar 2002-2018.

Byggt á tölum Hagstofu Íslands og Vinnumálastofnunar.

Einnig var búið til punktarit á milli útsvarsstofns á íbúa (sem vísbendingu fyrir atvinnutekjum heimilanna) og atvinnuleysis (Mynd 26). Það sýndi neikvæða leitnilínu með nokkurri fylgni (Tafla 9).




Mynd 26: Punktarit útsvarsstofns á íbúa og atvinnuleysis Stykkishólmsbæjar 2002-2018.

Byggt á tölum Sambands íslenskra sveitarfélaga og Vinnumálastofnunar. Tölur á verðlagi 2014.

Samanburður og samantekt hér á eftir (kafla 4.11) varpar ljósi á að viðbótaráhrif atvinnuleysis í Stykkishólmsbæ á heildartekjur sveitarfélaga eru hæst í samanburði við önnur sveitarfélög á Vesturlandi. Ástæður er m.a. að hvergi eru líkur meiri á að fólk flytji vegna atvinnuleysis (Tafla 9) sem hefur mikil áhrif á afkomu sveitarfélagsins og magnar tekjutapið af ýmsum öðrum orsökum.


Hins vegar eru jöfnunarsjóðsframlög ekkert hlutfallslega hærri af heildartekjum sveitarfélagsins miðað við önnur sveitarfélög (Mynd 36) eða næmni viðbótaráhrifa atvinnuleysis á útsvarsstofn á hvern íbúa fyrir atvinnuleysi (Tafla 9).

4.8 EYJA- OG MIKLAHOLTSHREPPUR

**Mynd 27: Punktarit tekna og atvinnuleysis Eyja- og Miklaholtshrepps 2002-2018.**

Byggt á tölum Sambands íslenskra sveitarfélaga og Vinnumálastofnunar. Tölur á verðlagi 2014.

Nú var skoðað hvernig tekjur sveitarfélagsins höfðu þróast gagnvart breytingum á atvinnuleysi (Mynd 27). Ekki verður sagt að í Eyja- og Miklaholtshreppi sé þar einhver tenging ef marka má söguleg gögn.


**Mynd 28: Punktarit íbúafjölda og atvinnuleysis Eyja- og Miklaholtshrepps 2002-2018.**

Byggt á tölum Hagstofu Íslands og Vinnumálastofnunar.

Til skemmri tíma virðist samt hafa verið samdráttur í tekjum sveitarfélagsins því að tveimur árum fyrir Bankahrun var atvinnuleysi 0,4% og meðalskatttekjur 58 m.kr. en tveimur árum eftir Hrunið var atvinnuleysi 2,1% að jafnaði en skatttekjurnar 56 m.kr. Það er lækkun upp á 2 m.kr. eða 3,3% sem telst vera um -2% viðbótaráhrif. Engin áhrif til lækkunar voru hins vegar á heildartekjum þegar dæmið var reiknað svona.

Að lokum var gerð aðhvarfsgreining með viðmiðunarsveitarfélögum Eyja- og Miklaholtshrepps en skilaði engu.

Eins og í hinum sveitarfélögum var dregið upp punktarit á milli íbúafjölda og atvinnuleysis. Í ljós kom neikvæð fylgni eins og búast mátti við (Mynd 28).




Mynd 29: Punktarit útsvarstofns á íbúa og atvinnuleysis Eyja- og Miklaholtshrepps 2002-2018.

Byggt á tölum Sambands íslenskra sveitarfélaga og Vinnumálastofnunar. Tölur á verðlagi 2014.

Líka var smíðað punktarit á milli útsvarstofns á íbúa (sem vísbending fyrir atvinnutekjur heimilanna) og atvinnuleysis og skilaði það óvæntri jákvæðri leitnilfni en reyndar með mjög veikri fylgni (Mynd 29). Hins vegar var augljós neikvæður munur á tveimur árum fyrir Bankahrun og tveimur árum eftir (Gulir fyrir Bankahrun og rauðir punktar eftir).

Samanburður aftar í þessu riti (kafla 4.11) gefur til kynna að viðbótaráhrif atvinnuleysis á heildartekjur sveitarfélaga í Eyja- og Miklaholtshreppi voru frekar lágar. Taka verður niðurstöðuna með varkárni þar sem flestar aðferðir skiluðu litlu. Hins vegar virðist atvinnleysi geta fælt fólk frá (Tafla 9) og jöfnunarsjóðsframlög ekki hlutfallslega háar af heildartekjum sveitarfélagsins miðað við önnur sveitarfélög (Mynd 36).

4.9 SNÆFELLSBÆR


**Mynd 30: Punktarit tekna og atvinnuleysis Snæfellsbæjar 2002-2018.**

Byggt á tölum Sambands íslenskra sveitarfélaga og Vinnumálastofnunar. Tölur á verðlagi 2014.

Söguleg gögn yfir tekjur sveitarfélagsins og atvinnuleysi voru nú nýtt til að varpa ljósi á hvernig hið fyrra hefur þróast þegar atvinnuleysi breystist (Mynd 18). Í Snæfellsbæ virðast tekjur bæjarins aukast eftir því sem atvinnuleysi eykst ef marka má gögnin. Þetta er engan vegin í samræmi við það sem almennt má búast við og skýringar ekki á reiðum höndum. Þó má gera ráð fyrir að í sveitarfélögum þar sem vægi sjávarútvegs er mikið gæti þetta þróast svona. Það má segja um Snæfellsbæ. Þar er fjöldi sjómanna líka hlutfallslega mikill vegna smábátaútgerðar en þá vegur veiking krónunnar mjög þungt og jákvætt á útsvarsstofn á móti neikvæðum áhrifum atvinnuleysis. Það er einkum vegna þess að afkoma í fiskveiðum skilar sér beint í hærri launum sjómanna og til sveitarfélagsins í gegnum útsvarið. Svo virðist sem gengisáhrifin yfirgnæfi kostnaðinn við atvinnuleysið og sýni þetta jákvæða sambengi þar sem það fer oft saman við samdráttarskeið, hærri atvinnuleysi og veikingu íslensku krónunnar. Ekki er þó útlit fyrir að krónan veikist eins mikið nú og hún gerði í Bankahrúninu.

Þarna er þó ekki öll sagan sögð því ástæðan fyrir því að við fáum upphallandi línur er ekki síst vegna þess að árin 2017 og 2018 var atvinnuleysi Snæfellsbæjar í sögulegu hámarki 3,0% og 2,6% sem og heildartekjurnar (punktar merktir inn á myndina). Til skemmri tíma virðist vera samdráttur í tekjum sveitarfélagsins því að tveimur árum fyrir Bankahrún var atvinnuleysi 0,8% og meðaltekjur 1.536 m.kr. en tveimur árum eftir Hrunið var atvinnuleysi 2,7% að jafnaði en tekjurnar 1.407 m.kr. Það er lækkun upp á 129 m.kr. eða 8,4% sem er heilmikil lækkun fyrir ekki meiri sveiflu í atvinnuleysi. Umreiknað teljast það vera -4,4% viðbótaráhrif.


Aðhvarfsgreining með viðmiðunarsveitarfélögum Snæfellsbæjar var einnig framkvæmd en skilaði engu.



Mynd 31: Punktarit íbúafjölda og atvinnuleysis Snæfellsbæjar 2002-2018.

Byggt á tölum Hagstofu Íslands og Vinnumálastofnunar.

Punktarit var teiknað fyrir íbúafjölda og atvinnuleysi Snæfellsbæjar til þess að fá vísbendingar fyrir því hvort fólk væri líklegra til að flytja þegar atvinnuleysi færðist í aukana (Mynd 31). Leitnilínan í myndinni bendir til þess þó svo fylgnin sé í lág í samanburði við ýmis sveitarfélög á Vesturlandi þar sem R^2 er 0,13 (Tafla 9). Athygli vekur að á þessari mynd fækkaði íbúum ekki í Snæfellsbæ á milli ára rétt fyrir og eftir Bankahrún eins og í flestum sveitarfélögum á Vesturlandi þrátt fyrir aukið atvinnuleysi.



Mynd 32: Punktarit útsvarstofns á íbúa og atvinnuleysis Snæfellsbæjar 2002-2018.


Byggt á tölum Sambands íslenskra sveitarfélaga og Vinnumálastofnunar. Tölur á verðlagi 2014.

Þá var einnig skoðað punktarit á milli útsvarstofsns sveitarfélagsins á hvern íbúa og atvinnuleysi (Mynd 32). Það sýndi jákvæða leitnilínu sem var hvergi annars staðar að finna á Vesturlandi. Það

rennir stoðum undir fyrri vangaveltur um að veiking krónunnar við slíkar aðstæður vinni með þróun heildartekna Snæfellsbæjar.

Greiningin hér sýnir að viðbótaráhrif atvinnuleysis í Snæfellsbæ á tekjur sveitarfélagsins eru jákvæð. Hins vegar ef tekin er breytingin á milli áranna í kringum Bankahrun eru þau -4,4%. Sú tala var síðan sett inn í samanburð aftar í þessu riti (kafla 4.11) á milli sveitarfélaga á Vesturlandi og þar lendir Snæfellsbær fyrir miðju. Vitað er að jöfnunarsjóðsframlög flestra sveitarfélaga lækka á samdráttarskeiðum en sérstaklega í kreppum. Jöfnunarsjóðsframlög Snæfellsbæjar sem hlutfall af heildartekjum eru miðlungs háar í þessum samanburði (Mynd 36). Þá er fólk frekar líklegt til að flytja ef atvinnuleysi eykst en útsvarsstofn á íbúa virðist aukast (Tafla 9) sem hefur verið útskýrt.

4.10 DALABYGGÐ

**Mynd 33: Punktarit tekna og atvinnuleysis Dalabyggðar 2002-2018.**

Byggt á tölum Sambands íslenskra sveitarfélaga og Vinnumálastofnunar. Tölur á verðlagi 2014.

Nú verður lýst hvernig tekjur sveitarfélagsins hafa þróast með auknu atvinnuleysi, með áherslu á heildartekjur (Mynd 33). Byrjum á YG-aðferðinni. Þegar atvinnuleysi mældist lægst voru heildartekjur sveitarfélagsins 699 m.kr. (meðaltal þriggja ára þegar atvinnuleysi var lægra en 0,7%) en þegar það var sem næst 3% voru þær 525 m.kr. Þarna munar 174 m.kr. Það er 24,9% lækkun frá atvinnuleysi minna en 0,7% í tæp 3%. Það eru -10,7% viðbótaráhrif.


Þegar skatttekjur voru dregnar út úr heildartekjum kom í ljós að viðbótaráhrif atvinnuleysis voru mun minni en á heildartekjum. Það sést á því hvað rauða leitnilínan er miklu flatari en sú bláa. Þau mældust -8,4% í samanburði við -12% fyrir sömu aðferð. Viðbótaráhrif atvinnuleysis á þjónustutekjur voru hins vegar enn lægri. Mikil óvissa var í öllum þessum mælingum vegna þess hve fá ár voru tiltæk.

Víkjum aftur að heildartekjum sveitarfélagsins. Horfum nú á breytinguna tveimur árum fyrir og eftir Bankahrun. Fyrir Bankahrun var atvinnuleysi 0,7% og meðal heildartekjur 633 m.kr. en tveimur árum eftir Hrunið var atvinnuleysi 2,1% að jafnaði en tekjurnar 582 m.kr. Það er lækkun upp á 51 m.kr. eða 8,0% sem teljast vera um -5,8% viðbótaráhrif.

Einföld aðhvarfsgreining var síðan líka notuð til að mæla viðbótaráhrif atvinnuleysis. Hún skilaði -12%. Það þýðir að ef atvinnuleysi fer úr 1% í 5% dragast heildartekjur saman um 48%. Það er nú reyndar ekki líklegt að það gerist ef bera má saman reynslu annarra sveitarfélaga sem hafa haft 5% atvinnuleysi og meira eins og t.d. Borgarbyggð. Það er eins og viðbótaráhrif atvinnuleysis séu mest rétt eftir að atvinnuleysið fer að hækka en lækka svo.

Einföld aðhvarfsgreining sneiðir hjá áhrifum annarra breytinga sem geta átt sér stað þegar kreppir að. Stundum flytur fólk brott eða meðalatvinnutekjur heimilanna lækka sem hvorutveggja hefur tilhneigingu til að lækka heildartekjur sveitarfélaga. Ef þetta gerist ekki í kjölfar aukins atvinnuleysis eru viðbótaráhrifin lægri. Til þess að draga það fram var framkvæmd aðhvarfsgreining sem tók tillit til slíkra þátta líka og skilaði hún í fyrstu -8,7% viðbótaráhrifum.


Síðan var hún framkvæmd með viðmiðunarsveitarfélög og skilaði þá enn lægri niðurstöðu eða um -3,0%.



Mynd 34: Punktarit íbúafjölda og atvinnuleysis Dalabyggðar 2002-2018.

Byggt á tölum Hagstofu Íslands og Vinnumálastofnunar.

Til þess að fá einhverjar vísbendingar fyrir því hvort atvinnuleysi stuðli að fækkun íbúanna var punktarit íbúafjölda og atvinnuleysis Dalabyggðar búið til (Mynd 34). Í fyrstu var þær ekki að finna en þegar tvö augljós utangarðsgildi frá árunum 2002 og 2003 (tveir grænir tíglar) voru tekin út fyrir safnið kom hin vænta niðurrhallandi lína í ljós en fylgnin var ekki sterk (R^2 0,09) og í reynd ein sú lægsta meðal vestlenskra sveitarfélaga. Hins vegar sjáum við að punktarnir rétt fyrir og eftir Bankahrun sýna ekki augljósa fækkun íbúanna í kjölfar aukins atvinnuleysis.



Mynd 35: Punktarit útsvarsstofns á íbúa og atvinnuleysis Dalabyggðar 2002-2018.

Byggt á tölum Sambands íslenskra sveitarfélaga og Vinnumálastofnunar. Tölur á verðlagi 2014.

Að lokum var dregið upp punktarit á milli útsvarsstofns á íbúa og atvinnuleysis í Dalabyggð (Mynd 35) og sýndi það neikvæða leitnilínu sem er vísbending fyrir því að atvinnutekjur heimilanna dragist saman þegar þegar atvinnuleysi eykst í Dalabyggð og það hefur tilsvareandi áhrif á útsvar Dalabyggðar.

Samanburður í lok meginmáls (kafla 4.11) sýnir að viðbótaráhrif atvinnuleysis í Dalabyggð á heildartekjur sveitarfélagsins eru hvergi hærri í samanburði við önnur sveitarfélög á Vesturlandi þegar til lengri tíma litið. Þetta útskýrir m.a. mikil næmni útsvarsstofns á hvern íbúa gagnvart atvinnuleysi (Tafla 9) og að jöfnunarsjóðsframlög sem hlutfall af heildartekjum sveitarfélagsins eru hvergi hærri (Mynd 36) en þær tekjur lækka gjarnan á samdráttarskeiðum og í kreppum.

4.11 VIÐBÓTARÁHRIF HJÁ SVEITARFÉLÖGUM Á VESTURLANDI BORIN SAMAN

Tafla 8: Samandregnar niðurstöður viðbótaráhrifum og fylgni atvinnuleysis á heildartekjur sveitarfélaga.

